


MYNDLIST

Síðasta sýning- arhelgi hjá Eddu

Um þessa helgi lýkur sýningu Eddu Jónsdóttur í Galleri Langbrók við Amtmannsstíg.

Opið verður í dag og á morgun frá kl. 14-18. Á sýningunni eru collage-myndir og fléttuð grafík.



Ein af myndum Eddu Jónsdóttur á sýningunni í Galleri Langbrók.

Píanótónleikar í Norræna húsinu

Í dag heldur finnski píanóleikarinn Eero Heinonen einleikstónleika í Norræna húsinu og hefjast þeir kl. 16. Á efnisskrá eru verk eftir Einar Englund, Sibelius, Hannikainen, Mozart og Liszt.

Eero Heinonen er fæddur 1950 og hóf nám í píanóleik 6 ára

gamall í Ábo. Að loknu tónlistarnámi þar hélt hann til Moskvu, þar sem hann var í þrjú ár nemandi hjá Dmitry Baschkirov. Hann hefur haldið tónleika víða um heim og alls staðar hlotið mikið lof fyrir leik sinn.

Aðgöngumiðar að tónleikum Eero Heinonens eru seldir í kaffistofu og við innganginn.

SAFNAHÚSIÐ Á SELFOSSI

Sýningu Jakobs Hafstein lýkur um helgina

Um helgina lýkur sýningu Jakobs Hafstein í Safnahúsinu á Selfossi.

Á sýningunni eru yfirleitt stór verk, 14 olíumyndir, 13 vatnslitamyndir og 6 pastelmyndir, m.a. með blandaðri tækni. Aðsókn að sýningunni hefur verið góð, bæði frá Selfossi, úr nágrennasveitunum og Reykjavík og margar myndir selst.



Jakob Hafstein við eina mynda sinna.



Síðustu vortónleik- ar Tónmenntaskólans

Í dag verða haldnir síðustu vortónleikar Tónmenntaskóla Reykjavíkur í Austurbæjarbíói og hefjast þeir kl. 14. Á þessum tónleikum koma einkum fram eldri nemendur skólans.

Á efnisskránni verður

einleikur, samleikur og hópatriði. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Tónmenntaskólinn er nú að ljúka 28. starfsári sínu. Í skólanum voru 450 nemendur í vetur. Kennarar voru rúmlega 30.

Meðal annars starfaði við skólann hljómsveit með tæplega 50 þátttakendum og lúðrasveit með um 30 þátttakendum.

Mikið hefur verið um tónleikahald á vegum skólans í vetur og vor.

MYNDLIST



Eiríkur Smith við eina mynda sinna í austursal Kjarvalsstaða.

Sýningu Eiríks Smith lýkur um helgina

Um helgina lýkur sýningu Eiríks Smith í austursal Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann 114 verk, olíumálverk og vatnslitamyndir, einnig 20 litteikningar úr þjóðsögum.

Aðsókn hefur verið mjög góð á sýninguna og hafa um 80 myndir selst.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR



Gísli Halldórsson og Guðmundur Pálsson í hlutverkum sínum í Skornum skömmtum.

Uppselt á allar sýningar

Í kvöld er Ofvitinn á fjölonum hjá Leikfélagi Reykjavíkur og er þegar uppselt á þá sýningu. Sömu leiðis á nýju revíuna. Skorna skammta, eftir þá Jón Hjartarson og Þórarín Eldjárn.

Revían hefur nú verið sýnd 15 sinnum, ætíð fyrir fullu húsi, og seljast miðar á þá sýningu á örfáum mínútum strax og miðasala

hefst á hverja sýningu. Tólf leikarar leika í revíunni, undirleikari er Jóhann G. Jóhannsson. Með hlutverk fara: Gísli Halldórsson, Kjartan Ragnarsson, Sigríður Hagalín, Guðmundur Pálsson, Aðalsteinn Bergdal, Soffía Jakobsdóttir, Karl Guðmundsson, Helga Stephensen, Harald G. Haraldsson, Lilja Þórisdóttir og Jón Júlíusson. Leikstjóri er Guðrún Ásmundsdóttir.

MÍR-SALURINN

„Á leið til Berlínar“

Í dag verður sýnd í MÍR-salunum, að Lindargötu 48, 2. hæð, sovéska kvikmyndin „Á leið til Berlínar“ og hefst sýningin kl. 15.

Sú gerð myndarinnar sem sýnd verður er frá 1969. Leikstjóri er Mikhaíl Jersov. Þetta er leikin mynd, en þó er verulegur hluti hennar settur saman úr fréttamyndum sem teknar voru meðan á sókn Rauða hersins til Berlínar stóð vorið 1945. Lýst er síðustu dögum stríðsins. Sovéskar hersveitir hafa brotist inn í Berlínarborg, en bardagarnir eru enn mjög harðir. Hafnar eru víðræður um vopnahlé við Þjóðverja og frá samkomulagi gengið, en á elleftu stundu tekst sovéskum hersveitum að bjarga lífi 3000 pólitískra fanga. Myndin er svart-hvít, 90 mín. löng með enskum skýringartextum.

Leikfél. Húsavíkur

Á 6. þúsund hafa séð Hallelúja

Í kvöld verður aukasýning hjá Leikfélagi Húsavíkur á leikritinu Hallelúja eftir Jónas Árnason og 19. sýningin verður annað kvöld.

Uppselt hefur verið á hverja sýningu til þessa og hafa á 6. þúsund áhorfenda séð sýninguna, en heilu hóparnir hafa komið frá Akureyri og Sauðárkróki. Uppi eru raddir um að taka verknið aftur í haust.

Karлакórinn Ægir

Söngskemmtun á Suðureyri

Í kvöld heldur Karлакórinn Ægir í Bolungarvík söngskemmtun í Félagsheimilinu á Suðureyri við Súgandafjörð og hefist hún kl. 21. Söngstjóri er séra Gunnar Björnsson, en undirleikari á píanó Anna Kjartansdóttir og einsöngvari Örn Jónsson.

Á efnisskránni eru m.a. lög eftir Árna Björnsson, Sigvalda Kaldalóns, Pál Halldórsson, Sigfús Einarsson, Sigfús Halldórsson, Emil Thoroddsen og séra Bjarna Þorsteinsson.